

Minnisblað

Dagsetning: 07.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022 – Hrútagjá

Jarðminjar

Svæðið liggur yfir upptökum Hrútagjárdyngjuhrauns sem rann fyrir um 7.000 árum. Kvikuhefingar þar undir hafa valdið því að svæðið undir dyngjunni hefur risið upp og myndað fjölda gjáa. Gjámyndanir eru mest áberandi á jöðrum svæðisins en einnig er stór gjá sem liggur frá norðanverðu svæðinu inn að því miðju. Við enda þessarar gjár er sigdæld en þaðan rann Hrótfellshraun á 8. eða 9. öld.¹ Hraunið er að mestu nokkuð slétt helluhraun en við suðausturendann ýfist hraunið upp og fær ásýnd apalhrauns.


Framkvæmd

Hrútagjá var heimsótt þann 4. júlí 2022 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Gjáin var gengin og mat lagt á innviði ásamt ástandi gróðurs og jarðminja. Einnig var gengið meðfram Hrútagjá á settum göngustígum og áfram metið ástand svæðisins. Notast var við FieldMaps forritið til að taka myndir og skrásetja skemmdir á gróðri, jarðminjum og innviðum ásamt því að skrá göngustíga og hentistíga. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Þar að auki var dróni notaður til að taka yfirlitsmyndir af svæðinu.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Vigdísarvallavegur er grófur malarvegur sem er á mörkum þess að vera fólksbílafær að Hrútagjá. Þar er bílastæði sem rúmar 3-4 bíla og skilti sem vísar á gönguleið. Umhverfis svæðið liggja þjóðleiðirnar Stórhöfðastígur og Reykjavegur og eru þær leiðir stíkaðar, auk þess sem lítið bílastæði er við upphaf Stórhöfðastígs.

Frá bílastæðinu er skilti sem bendir á Hrútagjá og þaðan er óstikuð gönguleið sem hefur breikkað mikið vegna álags. Þegar komið er upp á hæðina verður gönguleiðin mun minna áberandi og hverfur jafnvel á köflum en verður aftur greinileg þar sem hún liggur um gjá í átt að norðurenda hæðarinnar. Þar sem gönguleiðin frá bílastæðinu að gjánni er ekki stikuð getur verið villandi fyrir ferðamenn að vita hvert þeir eigi að ganga. Þetta getur þar af leiðandi dreift traðki yfir stærra svæði og væri æskilegt að stíka tiltekna leið til að minnka rask til framtíðar. Við enda gjárinna taka síðan við stikuðu þjóðleiðirnar, Reykjavegur og Stórhöfðastígur, sem leiða fólk frekar umhverfis svæðið. Frá Reykjavegi liggur stígur þvert yfir hæðina og að Vigdísarvallarvegi, sá stígur virðist að mestu notaður af mótör- og fjórhjólum enda myndar hann djúp för og hentar illa fyrir gangandi vegfarendur (1.mynd). Út frá stígunum liggja



1. mynd. Myndkort gert með dróna sem sýnir hvar hentistigur hefur myndast í gegnum svæðið og mikinn utanvegaakstur sem liggur út frá honum.

mörg för eftir vélhjól auk þess sem þau liggja gjarnan meðfram gönguleiðinni (2.mynd). Utanvegaakstur vélhjóla virðist vera meginorsök gróðurskemmda á svæðinu. Á svæðinu sáust steindepill, lóa, rjúpa með unga og smyrill með hreiður. Svæðið er allt þakið mosa en inni í gjótum og sprungum er mikið um burkna. Nokkrar blómplöntur eru áberandi til að mynda brönugras, lyfjagras, burnirót, melablóm, ljónslappa, bláberjalyng og krækiberjalyng, blóðberg, auk ýmissa gerða grasa. Gróðurfar ber þess skýr merki að vera frá hrauni sem er eldra en nútímahraun.



2. mynd. Dæmi um hjólför upp í mosann meðfram göngustíg

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Aðal ógnin við náttúrufar á svæðinu er akstur vélhjóna á viðkvæmri mosabekjunni. Förlin gróa hægt og gætu því mörg hver verið gömul. Hins vegar hefur starfsfólk Náttúrustofu Suðvesturlands séð fjölmörg dæmi þess að enn er verið að keyra utan vega á þessum slóðum og má því teljast líklegt að skemmdum við Hrutagjá muni fjölga. Æskilegt er að náið sé fylgst með svæðinu. Lagt er til að gert verði myndkort sem næði yfir allt svæðið og úttektin endurtekin að nokkrum árum liðnum.

Heimildir

1. Kristján Sæmundsson, Magnús Á. Sigurgeirsson, Árni Hjartarson, Ingibjörg Kaldal, Sigurður Garðar Kristinsson & Skúli Víkingsson 2016. Jarðfræðikort af Suðvesturlandi. 1:100 000. jardfraedikort.is (skoðað 20.09.2022).